



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

*Erindið sent með tölvupósti
á netfangið*

Akranesi, 20.11.2018
1811134 HS

Efni: Lóðaleigusamningar

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 19. nóvember 2018, var fjallað um breytingu á almennum lóðaleigusamningum.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að 9. gr. lóðaleigusamninga verði breytt með eftirfarandi hætti:

Núverandi grein:9.0

Ákveði bæjarstjórn að leigutíma loknum að endurnýja ekki leigusamninginn ber að greiða sannvirði fyrir hús og mannvirki er standa á lóðinni samkvæmt samkomulagi eða mati.



Breytt grein verður:

9.0

Ákveði bæjarstjórn að leigutíma loknum að endurnýja ekki leigusamninginn ber Akraneskaupstað að greiða sannvirði fyrir hús og mannvirki er standa á lóðinni samkvæmt samkomulagi eða mati. Ekki skal greitt fyrir ónýttan byggingarrétt.

Ennfremur er Akraneskaupstað heimilt að leysa til sín lóðina í heild hvenær sem er á samningstímabilinu ef nauðsynlegt er vegna breytinga á skipulagi eða til almannaþarfa. Greiða skal sannvirði fyrir hús og mannvirki er standa á lóðinni samkvæmt samkomulagi eða mati. Ekki skal greitt fyrir ónýttan byggingarrétt.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.:

Afrit: